

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Frá því í janúar 2014 tók í gildi nýr samningur á milli sveitarfélaga með aðild að rekstri skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu um að rekstur skíðasvæðanna myndi flytjast yfir til ÍTR. Hefur ÍTR rekið skíðasvæðin frá janúar 2014. Sú reynsla hefur verið góð og nú hefur þessi samningur verið framlengdur um 3 ár.

Á árinu 2016 greiddu sveitarfélögin rekstrarframlag til skíðasvæðanna sem nemur 150,3 mkr og framkvæmdarframlag upp á 50 mkr Greiðslur skiptast samkvæmt íbúafjölda hjá sveitarfélögunum á milli ár.

Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu. Í þessari töflu má sjá hvernig breyting á hlutföllum sveitarfélaganna í rekstri skíðasvæðanna hefur verið að breytast s.l. 3 ár.

Sveitarfélag	2014		2015		2016		Breyting	
		Hlutföll		Hlutföll		Hlutföll	2014/2015	2015/2016
Reykjavík	121.230	58,1%	121.822	57,7%	122.460	57,4%	-0,42%	-0,3%
Kópavogur	32.308	15,5%	33.205	15,7%	34.140	16,0%	0,24%	0,3%
Seltjarnarnes	4.381	2,1%	4.411	2,1%	4.415	2,1%	-0,01%	0,0%
Garðabær	14.180	6,8%	14.453	6,8%	14.717	6,9%	0,05%	0,0%
Hafnarfjörður	27.357	13,1%	27.875	13,2%	28.189	13,2%	0,09%	0,0%
Mosfellsbær	9.075	4,4%	9.300	4,4%	9.481	4,4%	0,05%	0,04%
Alls:	208.531		211.066		213.402			

Þannig er Reykjavíkurborg að greiða 0,72% minna af heildar framlögunum árið 2016 en þau voru að gera árið 2014.

Rekstur skíðasvæðanna árið 2016.

Rekstrarniðurstaða skíðasvæðanna árið 2016 var jákvætt upp á 2,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir því að reksturinn yrði á pari. Þá eru þó nokkur frávik í tekjum og gjöldum þar sem að aðsókn og opnunar dagar árið 2016 urðu töluvert fleiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarafgangur skíðasvæðanna var undir áætlun sem nemur 2,3 mkr. Samkvæmt 3. mgr í lið 2.5 í samstarfssamningi sveitarfélaga um rekstur skíðasvæðanna þá er rekstrarafgangur ársins fluttur á milli ára.

Tekjur hafa aldrei verið jafn háar eða 375,8 mkr sem er 96,6 mkr yfir áætlun eða 34,6%. Skýrist það helst af því að aðgangseyri var 81,7 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarframlög sveitarfélaganna voru 150,3 mkr en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 157,7 en þá kom hagræðingarkrafa upp á 7,4 mkr á skíðasvæðin sem brugðist var við.

Laun og launatengd gjöld eru 182,6 mkr sem er 50,5 mkr eða 38,3 % yfir áætlun. Skýringar á því eru tvær, annars vegar er það aukin aðsókn og opnunardagar sem hefur leitt til þess að fleiri starfsmenn hafa verið í vinnu og yfirvinna hefur verið meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Síðari skýringin er vegna launahækkana sem ekki hafa verið bættar eða um 20,5 mkr.

Annar rekstrarkostnaður er 193,2 mkr eða 46,1 mkr yfir áætlun sem er 31,3%. Skýrist það af meiri aðsókn, þar sem almennur rekstur var 20,4 mkr yfir áætlun, brekkur og svæði voru 8,7 mkr yfir áætlun, lyftur og lýsing voru 5,5 mkr yfir áætlun og kostnaður vegna moksturs á bílastæðum var 3,9 mkr yfir áætlun.

Rekstraruppgjör 2016 í samanburði við áætlun

Rekstur	2016	2015	frávik
Alls tekjur	-375.840.947	-343.673.057	9,4%
Alls laun og launat.	182.622.295	153.452.004	19,0%
Alls annar rekstrark.	193.218.652	193.148.691	0,0%

Rekstraruppgjör 2016 í samanburði við rekstur 2015.

Ár 2016	Raun 2016	Áætlun	frávik
Alls tekjur	-375.840.947	-279.204.146	34,6%
Alls laun og launat.	182.622.295	132.087.745	38,3%
Alls annar rekstrark.	193.218.652	147.116.402	31,3%

Rekstrar- og framkvæmdarframlög sveitarfélaganna fyrir árið 2016 skiptist samkvæmt töflunni hér að neðan.

	Hlutf.	Rekstrarframlag	Framkvæmdarframlag
Reykjavíkurborg	57,4%	86.253.194 kr.	28.692.327 kr.
Kópavogsbær	16,0%	24.046.089 kr.	7.998.988 kr.
Hafnarfjarðarkaupstaður	13,2%	19.854.575 kr.	6.604.671 kr.
Garðabær	6,9%	10.365.738 kr.	3.448.187 kr.
Mosfellsbær	4,4%	6.677.826 kr.	2.221.394 kr.
Seltjarnarnesbær	2,1%	3.109.651 kr.	1.034.433 kr.
		150.307.073 kr.	50.000.000 kr.

Greiðslur vegna rekstrarframlaga eru 150,3 mkr en þau voru lækkuð á árinu vegna hagræðingar um 7,2 mkr, samkvæmt samþykkt hjá SSH.